Skýrslur umsjónakennara og sérkennara

Yngsta stig

Kennari: Heiðís Lind Kristinsdóttir, Lilja Rut Rúnarsdóttir, Marte Engelsen Strandbakken

Bekkur: 1. – 4. bekkur

Nemendur í 1. – 4. bekk voru alls 18. Unnið var í teymiskennslu. Heiðís Lind var skráð umsjónarkennari fyrir 1. og 2. bekk, Marte Engelsen Strandbakken var umsjónakennari fyrir 3. og 4. bekk frá ágúst til janúar. Þá tók Lilja Rut Rúnarsdóttir við umsjón fyrir 3. bekk. Aðrir kennarar voru Páll Vilhjálmsson sem kenndi íþróttir. Klara Berglind Hjálmarsdóttir sem sá um náttúru-, og samfélagsfræði, sjónlistir og smíðjur. Einar Páll sá um sundkennslu fyrir áramót og Esther Gunnarsdóttir eftir áramót. Stuðningsfulltrúi er Margrét. S. Hjartardóttir.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 30 kennslustundir sem skiptist þannig að 1. og 2. bekkur var í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, list- og verkgreinar, smíðjur, skólaíþróttir, upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt, val og sund. 3. og 4. bekkur var í sömu námsgreinum auk ensku.


Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi 1. bekkjar var að nemendur:

- Þjálfí hljóð- og málvitund sína
- Læri heiti og hljóð allra bókstafa íslenska stafrófsins
- Geti dregið rétt til stafs
- Geti umskráð og hljóðað einfaldan texta
- Átt góð samskipti, sýnt kurteisi og virðingu
- Efli og styrki talnaskilning með fjölbreyttri talnavinnu
- Unnið með tölur upp í 50 og samlagningu
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum.

Meginmarkmið í starfi 2. bekkjar var að nemendur:

- Átt góð samskipti, sýnt kurteisi og virðingu
- Auki orðaforða sinn og lesskilning
- Riti hástafi og lágstafi þar sem við á
- Nýti orðaforða sinn í sögugerð
- Vandí frágang verkefna
- Átti sig á mikilvægi stærðfræðinnar í hversdagsleikar
- Þjálfist í samlagningu og frádrætti
- Geti unnið með tölur upp í 100
- Geti notað tugakerfisríthátt
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum



Meginmarkmið í starfi 3. bekkjar var að nemendur:

- Auki lestrarhraða sinn
- Geti aflað sér upplýsinga bæði á bókum og á rafrænu formi
- Beiti einföldum stafsetningarreglum
- Geti nýtt tækni við vinnu sína t.d. við skapandi skrif
- Geri sér grein fyrir ólíkum hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Geti unnið með mælingar: lengd og vigt.
- Noti orðaforða sinn við að leysa viðfangsefni stærðfræðinnar
- Þjálfist í reikniaðgerðunum margföldun og deilingu
- Læri margföldunatöflurnar frá 2 til 5.
- Auki orðaforða sinn á enskri tungu



- Kynnist nýjum tækniþúnaði og geri sér grein fyrir notagildi hans
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum

Meginmarkmið í starfi 4. bekkjar var að nemendur:

- Auki lestrarhraða sinn
- Geti lesið sér til yndisauka og valið sé lesefni eftir áhuga og þörfum
- Samið texta frá eigin brjósti
- Skrifað texta og flutt hann fyrir aðra
- Geti nýtt tækni við vinnu sína t.d. við skapandi skrif
- Geri sér grein fyrir ólíkum hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Þjálfist í reikniaðgerðunum margföldun og deilingu
- Læri margföldunartöflunar frá 2 til 10
- Geri greinamun á jákvæðum og neikvæðum tölum
- Auki orðaforða sinn á enskri tungu
- Kynnist nýjum tækniþúnaði og geri sér grein fyrir notagildi hans
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum

Þemaverkefni árganga

- Mannslíkaminn
- Eldgos
- Stofnanir í heimabyggð
- Veður og árstíðir
- Átthagar
- Smiðjuverkefni
 - H. C. Andersen
 - Norræn goðafræði
 - Astrid Lindgren
 - Útismiðjur



Skipulag kennslunnar

Í hefðbundinni kennslu er nemendum skipt upp í tví- og þrívörðabekkur í sinni kennslustofu. Unnið er með sama þema í náttúru- og samfélagsgreinum hjá öllum árgöngum en misjafnt var yfir veturinn hvort unnið var þvert á árganga eða þeim skipt upp. Á haustönn var 1. og 2. bekkur í sjónlistum á meðan 3. og 4. bekkur var í textílmennt, skipt var á annarskiptunum.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk vel. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrum var boðið á viðburði í skólanum svo sem námsgagnakynningu, þorablót, árshátíð og sýningu við smiðjulok. Foreldrar skipulögðu hópefli fyrir nemendur á vorönn.

Ferðir

- Vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir
- Ferð í kvikmyndahús á Patreksfjörð
- Gróðursetning og fræðsla um Rafstöðina á Bíldadal

Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals á stiginu voru 82 dagar og 40 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 138 dagar og 17 stundir
- Seinkomur voru samtals 0 dagar og 58 stundir
- Fjarvistir voru samtals 0 dagar og 5 stundir
- Ófært voru samtals 9 dagar og 7 stundir



Námsmat

1. bekkur: Stafakannanir eru lagðar reglulega fyrir yfir skólaárið. Lesferill – lesskimun Leið til læsis lagt fyrir í september. Lesfimipróf Menntamálastofnunar lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir þá nemendur sem höfðu náð tökum á lestri.

2. – 4. bekkur: Lesferill – lesskimun Leið til læsis lagt fyrir í september. Lesfimipróf Menntamálastofnunar lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir þá nemendur sem höfðu náð tökum á lestri.

Mat á vetrinum

Í heildina hefur veturinn gengið vel. Kennarar og nemendur eru langt komnir í að breyta kennsluháttum þar sem farið er út úr bókinni og fjölbreytt verkefni sem krefjast ólíkra lausnaleyða. Aukin áhersla hefur verið á samvinnu milli nemenda við verkefnavinnu. Á næsta skólaári má skoða að meiri samvinna og flæði sé milli kennara og kennslustunda þannig skóladagurinn sé hugsuð sem ein heild og samþætting námsgreina og samvinna kennara sé meiri.

Miðstig

Kennari: Ragna Jenný Friðriksdóttir

Aðrir kennarar sem kenndu á stiginu voru: Klara Berglind Hjálmsdóttir, Marte Engelsen Strandbakken, Signý Sverrisdóttir, Ásdís Snót Guðmundsdóttir, Margrét Sigríður Hjartardóttir, Páll Vilhjálmsson, Esther Gunnarsdóttir.

Samsetnings stigsins

Í 5. bekk voru 2 nemendur, 1.stúlka og 1 drengur. Í 6. bekk voru 2 nemendur, ein stúlka og einn drengur. Í 7. bekk voru 4 nemendur, 3. Stúlkur og einn drengur.

Kennslustundir



Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræðigreinar, list og verkgreinar, skólaíþróttir, upplýsinga og tæknimennt, val, dönsku og ensku.

Helstu áherslur árgangsins/stigsins

5. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti og samvinna.

6. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti, samvinna og sjálfstæð vinnubrögð.

7. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti, samvinna, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýnin hugsun.



Þemaverkefni stigsins

H.C. Andersen. Hópnum var ekki skipt upp heldur unnu nemendur verkefnið með sínu stigi. Nemendur kynntu sér höfundinn H.C. Andersen og unnu svo verkefni upp úr sögunni Prinsessan á bauninni. Verkefnið fólst í því að búa til sameiginlega myndasögu. Hver nemandi teiknaði mynd og vann með texta. Lokaafurðin varð svo að heildstæðri sögu sem var sögð bæði með myndum og texta. Foreldrum og aðstandendum var svo boðið í heimsókn til að skoða lokaútkomu og nemendur í 5. bekk voru með skyggusýningu þar sem sagt var frá H.C. Andersen.

Norræn goðafræði: Blandaðir hópar af öllum stigum. Unnið var á stöðvum. Nemendur unnu að sameiginlegri lokaútkomu. Á einni stöð voru leiraðar persónur úr goðafræðinni, á annari stöð voru leiruð hálsmen sem vísuðu til goðafræði, á einni stöð var unnið að skuggaleikhúsi þar sem unnið var með nokkrar sögur úr goðafræðinni, á einni stöð var unnið að því að búa til Yggdrasil og allt sem viðkom því og á síðustu stöðinn var unnið með persónur úr goðafræðinni og hver og einn nemandi bjó til veggspjald. Lok smíðjunnar var sameinað þorablótinu og voru foreldrum og



aðstandendum boðið að koma í skólann, horfa á skuggaleikhús, skoða afrakstur vinnunnar og hefðbundin þorablótsdagskrá var einnig í gangi.



Astrid Lindgren. Hópnum var ekki skipt upp heldur unnu nemendur verkefnið með sínu stigi. Smiðjan tengdist árs hátíð skólans með það að markmiði að setja upp leikrit. Miðstigið vann með söguna Ronja ræningjadóttir. Það var settur upp söngleikur og léku nemendur og sungu af innlifun. Nemendur fengu fræðslu um Astrid Lindgren og verk hennar, horfðu á myndina um Ronju ræningjadóttur, bjuggu til sviðsmynd og lærðu söngva og texta.

Trjáhyði. Á vordögum var tíminn nýttur til þess að vera með útismiðju. Nemendur áttu að hanna og byggja trjáhyði á lóðinni fyrir aftan skólann. Markmiðið var að hanna og búa til hlut sem hægt væri að nota á skólalóðinni. Nemendur hjuggu niður efnivið og nýttu efnisbúta til að klæða húsið. Miðstigið vann að þessu verkefni saman.



Skipulag kennslunnar/kennsluhættir

Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á að hver nemandi fær verkefni við hæfi svo hann geti vaxið í námi, viti hvar hann standi og hvert hann ætlar að stefna. Fjölbreyttum kennsluháttum er beitt, það er bein innlögð frá kennara, samræður, hópa og samvinna og rík áhersla er lögð á að nýta sér upplýsingatækni við nám. Öll kennsla miðast við hæfnimiðað nám þar sem lögð er áhersla á að nemendur nái tilteknum hæfniviðmiðum og færni og nái að tileinka sér ákveðna þekkingu.

Foreldrasamstarf

Áhersla var lögð á gott foreldrasamstarf. Haldnir voru kynningarfundir þar sem námsefni var kynnt og nýtt námsmat. Einnig voru hefðbundin stöðumatsviðtöl. Sérstök síða á facebook var fyrir miðstigið þar sem fréttir af skólastarfinu voru settar inn. Fréttabréf var sent út rafrænt alla föstudaga og skipaðir voru bekkjafulltrúar úr röðum foreldra. Áhersla var lögð á að ítreka aðgang að kennara og foreldrar hvattir til að hafa samband. Foreldrar tóku þátt í viðburðum á vegum skólans og skiptu með sér verkum á þeim.

Ferðir

- 7. bekkur fór á Reyki í Hrútafirði.
- bekkur fór í sveitaferð á Barðaströndina.
- Farið var í fjöruferð á haustdögum þar sem dýralífið í fjörunni var skoðað.
- Á vordögum var farið á Patreksfjörð þar sem skoðuð var myndlistarsýning í Húsinu og farið í bíó í Skjaldborg.
- Miðstigið fór á leiksýninguna Oddur og Siggí sem var sýnd í Skjaldborg
- Miðstigið fór í Patreksskóla og tók þátt í degi sem var á vegum Háskólalestarinnar.
- Miðstigið tók þátt í íþróttadegi á Patreksfirði.
- Farið að Rafstöðinni, hún skoðuð og svo var gróðursett í reitnum við Rafstöðina.
- Farið var í vettvangsferð í Arnarlax þar sem vinnslan var skoðuð og kynnt.



Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals á stiginu voru dagar og stundir. 58 dagar og 18 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals dagar og stundir. 77 dagar og 9 stundir.
- Seinkomur voru samtals stundir. 41 stundir.
- Fjarvistir voru samtals dagar og stundir. 1. Dagur og 8 stundir.



Námsmat

Í forgrunni er að beita fjölbreyttu námsmati og að nemendur viti alltaf hvað er verið að meta og hvers er ætlast til af þeim. Lagðar eru fyrir kannanir, verkefni eru metin, það er sjálfsmat og jafningjamat en fyrst og fremst er beitt leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl. til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. Í leiðsagnarmati er lög áhersla á að endurgjöf sé regluleg í námsferlinu, hafi skýran tilgang, sé greinandi, jákvæð og gagnleg. Markviðamiðuð próf og verkefni eru lögð fyrir en í því felst að árangur nemenda er borinn saman við fyrirframgefin markmið eða frammistaða hvers einstaks nemanda er borin saman við skilgreind viðmið. Niðurstöður matsins eru túlkaðar út frá markmiðum, námsþáttum eða inntaki námsefnis.

Mat á vetrinum

Skólaárið í heild sinni gekk mjög vel. Nemendahópurinn var flottur og samheldinn og náðist upp góður bekkjarandi. Við erum komin vel á leið með að innleiða nýtt námsmat og kennsluhættir hafa breyst í kjölfarið. Nemendur taka þessum breytingum fagnandi og eru farnir að tileinka sér nýja hugsun sem felst í hæfnimiðuðu námi. Einnig eru nemendur orðnir sjálfstæðari í þekkingarleit sinni og hefur þeim farið fram í gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi lausnarhugsun. Nemendum finnst gaman í skólanum, eru yfirleitt jákvæðir og viljugir til verka. Agavandamál eru engin og samstarf við foreldra er á jákvæðum nótum. Samvinna kennara gekk vel en mætti að ósekju vera enn meiri. Mikill tími hefur farið í að innleiða nýtt námsmat og skipuleggja kennslustundir með það að markmiði að kennsluhættir fylgi nýjum kröfum um hæfnimiðuð nám.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í Bíldadalsskóla eru sérlega samheldnir og metnaðarfullir kennarar sem stefna allir í sömu átt. Við erum leiðandi skóli og stefnum að því að vera framúrskarandi og til fyrirmyndar fyrir aðra. Jákvæðni og gleði einkennir skólastarfið og sú víska að allir nemendur geta tileinkað sér þekkingu og hæfni með rétttri leiðsögn. Rík áhersla er lögð á að öllum líði vel í skólasamfélaginu.

Unglingastig

Kennari: Klara Berglind Hjálmsdóttir

Aðrir kennarar sem kenndu á stiginu voru: Signý Sverrisdóttir sá um að kenna íslensku, samfélagsgreinar, dönsku og ensku. Signý fór í fæðingarorlof eftir páskafrí og þá tóku aðrir kennarar við tímunum hennar. Marte Engelsen tók við enskunni, Lilja Rut tók við samfélagsgreinum, Ásdís tók við 2 íslenskutímum af 6 og sá einnig um dönskuna ásamt fjarkennslu frá Danmörku. Þar var starfandi kennari, Petra sem var með miðdeildina í einum tíma í viku og unglingastigið í einum tíma í viku. Klara Berglind kenndi sjónlistir og valgreinar: textíl, pappamassa, áhugasvið, doodle – teikniaðferð, wasgji púsl, kvikmyndir, nemendaráð. Einnig tók Klara við 4 íslenskutímum af Signýju og smiðjutímum. Ragna Jenný kenndi stærðfræði, náttúrugreinar og sá um stærðfræðival á vorönn. Páll Vilhjálmsson kenndi íþróttir. Einar Páll sá um sundkennslu fyrir nemendur fyrir áramót og Esther Gunnarsdóttir tók við sundkennslunni eftir áramót. Einar Skarphéðinsson var með hönnun og smíði og Jón Pétur Úlfarsson sá um danskennslu.



Samsetnings stigsins

Í 8. bekk voru fjórir nemendur, þrír drengir og ein stúlka. Í 9. bekk voru þrír nemendur, tvær stúlkur og einn drengur. Í 10. bekk voru tveir nemendur, einn drengur og ein stúlka.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 37 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræðigreinar, list og verkgreinar, smiðjur, skólaíþróttir, upplýsinga og tæknimennt, ensku og val.

Helstu áherslur árgangsins/stigsins

- Hæfnimiðað nám
- Vaxtarhugarfar
- Samvinna
- Samskipti
- Sköpun
- gagnrýnin hugsun
- leiðsagnarmat.

Þemaverkefni stigsins


▪ H.C. Andersen smiðjur

- Hvert stig tók fyrir eina sögu eftir höfundinn og vann ýmis verkefni tengd henni. Unglingastigið valdi sér söguna um Litlu hafmeyjuna og gerði stóra veggmynd í stofuna sína.



▪ Norræn goðafræði smiðjur

- Norræn goðafræði byrjaði á kynningu fyrir alla nemendur um efnið. Öllum nemendum skólans ásamt skólahópi á leikskólanum var skipt upp í fimm hópa. Hver kennari sá um eina stöð.



1. **Persónulýsingar:** Nemendur velja sér eina persónu og gera lýsingu á henni á karton.
2. **Leira hálsmen:** Nemendur leira hálsmen sem tengjast norrænni goðafræði.
3. **Leira goð/gyðju:** Nemendur velja sér goð eða gyðju til að leira.
4. **Skuggaleikhús:** Hver hópur fær eina sögu til að vinna með í skuggaleikhúsi.
5. **Heimstréð:** Hóparnir vinna allir að því að setja upp heimstréð. Leikskólanemendur gerðu regnboga og hrafn á þessari stöð sem hengt var upp á leikskólanum.



• Astrid Lindgren smiðjur

Allur skólinn vann verkefni tengd höfundinum. Unglingastigið vann veggspjöld með upplýsingum um Astrid, hennar líf og sögur. Öll stig skólans völdu sér sögu sem sett var upp í leikrit og sýnt á árshátíð skólans. Unglingastigið valdi sér Emil í Kattholti.



• Útismiðjur

Nemendur unnu í tveimur hópum að uppbyggingu trjáhýsis á skólalóðinni. Hér reyndi mikið á lykilhæfni nemenda í skapandi hugsun, samvinnu, samskiptum og skipulagsfærni.



Skipulag kennslunnar/kennsluhættir

Skipulag kennslunnar er byggt upp á hæfnimiðuðu námi. Þar eru hæfniviðmiðin höfð að leiðarljósi og kennari skipuleggur verkefni sín þannig að þau styðji við nemendur til að ná settum markmiðum. Rík áhersla er á einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt. Upplýsinga- og tæknimennt er í forgrunni og má þar nefna google classroom sem notast er við í flest öllum fögum. Við skipuleggjum kennslu bæði sem einstaklingsverkefni en einnig leggjum við mikla áherslu á hópastarf, samskipti og samvinnu. Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarfið og stefnan er sett á að lykilhæfnin geri það einnig á næsta skólaári.

Foreldrasamstarf

Mikil áhersla er lögð á gott og uppbyggilegt foreldrasamstarf í Bíldudalsskóla. Við skrifum fréttabréf sem deilt er á facebooksíðu stigsins og eða sent í tölvupósti til foreldra í hverri viku með upplýsingum um starfið sem unnið var í vikunni og starfið sem er framundan. Bréfin eru skemmtileg, jákvæð og með myndum frá starfinu. Foreldrar fá stöðumatsviðtöl einu sinni á önn þar sem farið er yfir stöðu nemandans í námi og starfi skólans. Einnig er foreldrum boðið á uppskeruhátíðir smiðjanna með reglulegu millibili. Foreldrum stendum alltaf til boða að koma og taka þátt í kennslustundum barns síns ef vilji er fyrir því.

Ferðir

- Leiksýningin Oddur og Siggi Patreksfirði
- Fjöruferð í tengslum við smiðjuvinnu
- Íþróttadagur á Patreksfirði
- Vettvangsferð í Arnarlax
- Háskólalestin á Patreksfirði
- Bíósýning á Patreksfirði
- Myndlistasýning í Húsinu Patreksfirði



Ástundun nemenda

- Veikindadagur samtals á stiginu voru 42 dagar og 4 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 143 dagar og 41 stund
- Seinkomur voru samtals 4 stundir
- Fjarvistir voru samtals 0 dagar og 0 stundir

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat í öllum fögum. Nemendur hafa val um hvernig þeir vilja skila af sér verkefnum og má þar nefna á tölvutæku formi, Google classroom, heimasíðugerð, Book creator og ýmis

forrit, skyggusýning, myndband, hljóðupptaka, kynningar af ýmsum toga, bæklingar, veggspjöld og margt fleira. Leiðsagnarmat er í forgrunni hjá okkur og erum við kennarar að sitja námskeið í leiðsagnarmati og stefnum á að geta beitt því með góðum árangri á komandi árum.

Mat á vetrinum

Skólaárið í heild gekk mjög vel. Á meðan kennarar hafa verið önnur kafnir við að innleiða breytta kennsluhætti taka nemendur þessum breytingum opnum örmum. Þau eru ánægð með breytt úrval verkefna og eru farin að skilja hæfniviðmiðin og leiðina að settum markmiðum. Nemendur eru meira innvinklaðir í nám sitt og taka meiri ábyrgð. Þau eru farin að beita fjölbreyttari aðferðum við upplýsingaöflun og úrlausn verkefna. Hópvinnan er orðin skilvirkari og skemmtilegri. Agavandamál eru engin og nemendur jákvæðari.



Önnur atriði sem vert er að nefna

Bíldadalsskóli er leiðandi skóli og við stefnum áfram að því að vera með fjölbreytt, skapandi og framúrskarandi starf í skólanum.

Sérkennari

Með sérkennslu er átt við stuðningskennslu eða sérkennslu sem fram fer hjá sérkennara eða kennara. Þar er unnið með afmarkaða námsþætti og/eða námsþætti árgangs í fámennum hópi eða einstaklingslega inni í heimastofu eða í öðru rými. Alls nutu 5 nemendur eða 13.5% nemenda í Bíldadalsskóla slíkrar kennslu vikulega yfir veturinn auk þess var boðið uppá auka stuðning í stuttum lotum. Á leikskólanum Tjarnarbrekku voru 3 nemendur eða 23% nemenda sem nutu þjónustunnar.

Kennari: Heiðís Lind Kristinsdóttir, kennari sem sá um sérkennslu fyrir 1. – 4. bekk frá ágúst til maí og nemendur úr 5. – 10. bekk frá apríl til maí 2018. Notast var við leiðsögn og ráðleggingar í gegnum sérfræðing hjá Tröppu. Erla Björk Sveinbjörnsdóttir sérkennsluráðgjafi hitti sérkennara á fundum gegnum Kara Connect reglulega yfir skólaárið.

Helstu áherslur: Aðaláherslur námsársins voru að vinna með grunnþætti í íslensku og lestri. Auk þess voru nemendur sem nutu þjónustu sérfræðinga í gegnum Tröppu í fjarkennslu, meðal annars atferlisfræðinga og talmeinafræðinga.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Sérkennari sótti tvö námskeið á skólaárinu sem koma til með að nýtast henni í áframhaldandi starfi. Það er námskeið í Tras-listanum sem er skimunarlisti sem ætlað er að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Auk námskeiðs í Cat-kassanum sem þjálfar hugræna og tilfinningalega þætti og er þjálfar, m.a. tilfinningar, hugsanir og hegðun barna.

Þjónusta við Tröppu

Gott samstarf hefur verið við starfsfólk Tröppu í vetur sex nemendur nutu þjónustu talmeinafræðings bæði á leikskólanum Tjarnarbrekku og Bíldadalsskóla. Fjórir nemendur voru fastir einu sinni í viku og tveir nemendur voru svo kallaðir „hoppapar“ og mættu þeir í tíma þegar aðrir forfölluðust.

Heiðís Lind sótti ráðgjöf hjá Erlu Björk sérkennsluráðgjafa varðandi sérkennslumál. Lára Þorkelsdóttir fékk ráðgjöf Thelmu Lind Tryggvadóttur atferlisfræðingi.

Þjónusta þessi hefur reynst vel í vetur og er mikilvægur þáttur í sérkennslustörfum í skólunum.

Skipulag

Sérkennari hafði yfirumsjón með sérkennslu sem felst m. a. í:

- Að fylgjast með gengi nemenda í sérkennslu
- Fundum með aðilum sem snúa að nemandanum eftir þörfum
- Gerð einstaklingsnámskrár
- Að sjá til þess að niðurstöður sérfræðinga sé komið í skjalaskáp til varðveislu
- Samskiptum við talmeinafræðing hjá Tröppu

Próf og greiningar

- Leið til læsis skimunarpróf var lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk
- Leið til læsis eftirfylgniþróf var lagt fyrir alla nemendur í 1. – 4. bekk
- Reglulegar stafakannanir lagðar fyrir yfir veturinn.

Hugleiðingar skólaársins og næsta árs

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sérkennslumálum í grunnskólanum. Byggja þurfti upp grunn fyrir komandi ár þar sem markviss sérkennsla hefur ekki verið nægjanleg undanfarin ár. Byggja þurfti upp skipulag, námsefni og efla starfsmenn til kennslunnar. Enn vantar töluvert uppá í leikskólanum, föst viðvera sérkennara þarf að vera. Bæði þar sem nemendur eru teknir í einstaklings þjálfun og einnig að vera hluti af daglegu starfi og kynnast nemendum í gegnum leik og starf.

Með sérkennslu er ekki átt við að nemendur séu teknir úr hefðbundnum kennslustundum heldur mætti auka að sérkennari komi inn í kennslustundir og daglegt starf sem auka stuðningur fyrir nemendur sem þess þurfa.

Byrjað er að byggja upp aðstöðu fyrir sérkennsluna en þar má þó enn bæta með auknum áþreifanlegum námsgögnum sem henta yngsta stigi.

Þetta fyrsta ár undirritaðrar í starfinu hefur reynst mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Að fá tækifæri til að gera gott skólastarf enn betra er mjög dýrmætt. Vinna þarf í nokkrum áföngum, bæta við, efla það og þróast í takt við þarfir skólans. Af reynslunni má einnig læra margt meðal annars það sem má geta betur fyrir næsta ár. Þau verkefni sem meðal annars taka þarf fastari tökum næsta ár er að:

- Gera námsmat markvissara og sýnilegra aðstandendum.
- Setja sérkennsluna þannig að hún verði hluti af öðrum kennslustundum, þ.e. þannig kennari komi inn í bekk en nemendur séu ekki alltaf teknir úr öðrum tímum.
- Skoða þörf fyrir og auka sérkennslu í öðrum fögum heldur en íslensku.
- Sérkennari ráðstafar tíma sínum fast 1 – 2 daga í viku á leikskólanum og tekur þátt í daglegu starfi barnanna.
- Auka stuðning við kennara meðal annars með ráðleggingum um einstaklingsnámskrár og námsefnisgerð.

1. júní, 2018

Heiðdís Lind Kristinsdóttir,
umsjón með sérkennslu.

Skýrsla deildarstjóra Tjarnarbrekku

Kennarar: Lára Þorkelsdóttir, Elínborg Benediktsdóttir, Rut Ólafsdóttir

Samsetning hópsins:

Nemendur Tjarnarbrekku voru 13 alls í vetur, 5 í skólahóp og 8 á yngri deildinni. Tveir elstu á yngri deildinni voru með skólahópnum í stofu. Lára er deildastjóri og var með 2 eldri árganganna fimm og fjögurra ára og Rut og Elínborg með yngri hópinn. Á yngri deildinni voru 4 árgangar, ein 1 árs, þrjár 2 ára, einn 3 ára og ein á 4 ári. Páll Vilhjálmsson kenndi fjórum árgöngunum íþróttir einu sinni í viku í íþróttahúsinu Byltu. Klara Berglind Hjálmarsdóttir kom einu sinni í viku og kenndi myndlist. Marte Engelsen Strandbakken kom og kenndi tónlist einu sinni í viku yngri og eldri hópum til skiptis. Heiðís Lind Kristinsdóttir sá um sérkennsluna.

Helstu áherslur yngri hóps:

- Læra að deila leikföngum
- Læra að telja upp að 10
- Auka orðaforða
- Læra að syngja vísur
- Syngja Lubba
- Syngja um dagana
- Hlusta á sögur



Helstu áherslur eldri hóps:

- Læra stafi og hvaða hljóð þeir segja
- Telja upp að 30 áfram og afturábak
- Leggja saman tölur upp að 10 og draga frá
- Læra vikudagana
- Læra mánuðina
- Sýna kurteisi og virðingu
- Ríma



Þemavinna:

- Fjölskyldan
- Áttthagar
- Smíðjuverkefni
- H. C. Andersen
- Norræn goðafræði
- Astrid Lindgren



Skipulag starfsins:

Í hefðbundinni kennslu er rólegt spjall og leikur þegar börnin eru að mæta á morgnana.

- Morgunmatur er um 8:30 – 9:00
- Morgunstund, dagurinn í dag, árið og talið áfram og afturábak
- Rólegt spjall og passa að allir fái að tala og sega frá, hinir hlusta
- Frjáls leikur

- Skipt í hópa og tekið fyrir talnagildi eða stafir, tala um talnagildi, þekkja stafina.
- Útivist alla daga, börnin læra að klæða sig eftir veðri, farið í gönguferðir og skógaferðir.

Foreldrasamstarf:

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk vel. Foreldraviðtöl voru haldin einu sinni yfir skólaárið á vorönninni. Foreldrum var boðið á viðburði í leikskólanum svo sem foreldrakaffi í desember, pöbbum og öfum boðið í bóndadagsgraut á bóndadeginum, mömmum og ömmum í konudagsgraut á föstudegi fyrir konudaginn. Þá var opið hús og sýning á verkum nemenda.



Annað samstarf:

Samstarf milli leik og grunnskóla var mjög gott og mikið í vetur.

Brúum Bilið:

Elsti árgangurinn fór í skólann reglulega einu sinni og stundum tvisvar í viku í skólaheimsóknir þar sem þau tóku þátt í þemavinnum og ýmsum hópavinnum. Síðan var yngsta stiginu í grunnskólanum boðið til okkar á leikskólann nokkrum sinnum yfir veturinn, meðal annars í desember þegar við kveiktum á jólatrénu okkar. Þá voru sungin jólalög boðið uppá kakó og piparkökur og drukkið úti.



Mat á vetrinum:

Veturinn hefur gengið vel þar sem elsti árgangurinn í leikskólanum og yngsta stigið í grunnskólanum hafa verið með aukna samvinnu. Kennarar fara á milli með sína góðu þekkingu og er alveg frábært innlegg í leikskólann. Nemendur unglingastigsins koma tvisvar í viku og voru í 40 mín. í senn með börnunum í leik og starfi, úti og inni yfirleitt. Börnin biðu spennt eftir þeim heimsóknum.

Önnur atriði sem vert er að nefna:

Nemendurnir á Tjarnarbrekku héldu myndlistasýningu á veitingahúsinu Vegamót á degi leikskólans þann 6. febrúar 2018 og skrifuðu gestir og gangandi í gestabók sem var látinn liggja frammi. Valgerður Jónasdóttir kom til okkar og lað bók fyrir börnin í tilefni dagsins. Nemendur Tjarnarbrekku tóku þátt í árshátíð grunnskólans og var það mjög skemmtilegt. Setjum niður og tökum upp kartöflur og grænmeti á hverju ári.



Það er ótal margt fleira sem gert er á leikskólanum Tjarnarbrekku en hér er tekið fram enda lifandi og skapandi leikskóli.

